

Fimmtudaginn 3. desember 1998.

Nr. 121/1998.

Stefán Árnason

(Erla S. Árnadóttir hrl.)

gegn

Sást ehf.

(Árni Pálsson hrl.)

Sameignarfélag. Einkahlutafélag. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Markús Sigurbjörnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 13. mars 1998. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.921.571 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. mars 1997 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Árnason, greiði stefnda, Sást ehf., 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 24. desember 1997.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 19. nóvember sl., er höfðað af Stefáni Árnasyni, kt. 181252-4489, nú Boðaborgum 8, Reykjavík, á hendur Sást ehf., kt. 480393-2939, Sauðárkróki, með stefnu, birtri 21. mars 1997.

Dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.921.571 króna, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. mars 1997 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

II.

Málavextir.

Að sögn stefnanda stofnaði hann sameignarfélagið Sást sf. árið 1980. Árið 1982–1983 gekk Guðni Friðriksson til liðs við félagið, og áttu þeir þá félagið til helminga.

30. júní 1993 var félaginu breytt í hlutafélag með sama nafni og stofnsamningur gerður þar um. Hlutafé hins nýja félags var 500.000 krónur. Skráði stefnandi sig fyrir 45% hlutafjár, 225.000 krónum, Guðni Friðriksson 125.000 krónum og eiginkona hans, Valgerður Einarsdóttir, 100.000 krónum, samtals fyrir 45% hlutafjár, og Reynir Kárason fyrir 10%, 50.000 krónum. Hið nýja félag tók við öllum eignum og skuldum Sást sf.

Að sögn stefnanda hefur uppgjör vegna þessara formbreytinga gagnvart Sást sf. og eigendum þess ekki farið fram, og hefur því ekki verið ákveðið, við hvaða verði tekið verði við eignum, með hvaða hætti gengið skuli frá skuldum eða ákveðið, með hvaða hætti hlutafé skuli greitt.

12. júní 1987 skrifaði stefnandi undir veðskuldabréf vegna láns, sem Sást sf. tók hjá Byggðastofnun. Sem tryggingu fyrir helmingi lánsins setti stefnandi fasteign sína og fyrrverandi eiginkonu sinnar, nr. 58 við Raftahlíð hér í bæ. Skuldabréfið var upphaflega að fjárhæð USD 24.894,20 og skyldi endurgreitt á átta árum. Í bréfinu eru síðan nánari ákvæði um gjalddaga, fjárhæð afborgana og vexti. Greiddi stefnandi sinn hluta skuldarinnar 8. mars 1996, 227.078,80 krónur.

30. júní 1993 ritaði stefnandi einnig undir veðskuldabréf vegna láns, sem Sást sf. tók hjá Iðnlánasjóði. Bréf þetta var eins og fyrra bréf með veði í fasteign stefnanda og fyrrverandi eiginkonu hans, nr. 58 að Raftahlíð. Upphafleg fjárhæð þessa bréfs var SDR 15.140,81, og bar að endurgreiða lánið á átta árum. Í bréfinu voru ákvæði um fjölda gjalddaga, fjárhæð afborgana, vexti o. þ. h. Greiddi stefnandi upp vanskil og eftirstöðvar bréfsins 7. mars 1996, að fjárhæð 1.429.448 krónur. Skuldir þessar tók stefnandi á sig við formbreytinguna úr sameignarfélagi í hlutafélag. Að sögn stefnanda varð

hann, þar sem hann stóð í skilnaði við eiginkonu sína, að aflétta lánunum af fasteigninni, en stefndi hafði ekki fengist til að standa í skilum með greiðslu og afléttingu veða þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um.

Vitnið Árni Björn Birgisson endurskoðandi gerði grein fyrir því, hvernig skuldir eigenda Sást sf. voru færðar í ársreikningum Sást sf. og Sást hf. fyrir árið 1993. Í ársreikningi Sást sf. komi fram, að skuld eigenda firmans við það hafi numið 5.308.000 krónum. Við endanlegt uppgjör á skuldum eigenda í árslok 1994 hafi komið í ljós, að skuldir eigenda hafi verið alls 5.633.779 krónur og sundurliðist þannig, að stefnandi hafi skuldað 3.301.459 krónur, en Guðni Friðriksson 2.532.319 krónur. Í ársreikningi Sást hf. fyrir árið 1994 er skuld Sást sf. færð að fjárhæð 3.928.302 krónur.

Í ársreikningi Sást hf. fyrir árið 1993 er krafa á hendur Sást sf., að fjárhæð 2.848.130 krónur, færð sem skammtímakrafa. Í ársreikningi fyrir árið 1994 hefur þessi fjárhæð hækkað í 3.928.302 krónur, og er sú hækkun skýrð með bréfi Árna Björns Birgissonar til Reynis Kárasonar, dags. 16. janúar 1996. Af þessu verður ekki annað ráðið en skuldir eigenda Sást sf. við Sást hf. hafi verið lækkaðar sem nemur andvirði eigna Sást sf. að frátöldum skuldum eigenda félagsins.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður skrófu sína því, að stefnda beri að endurgreiða þær fjárhæðir, sem stefndi greiddi vegna framangreindra veðskuldabréfa, og sundurliðar hann kröfur sínar þannig:

1.) Eftirstöðvar skuldabréfs nr. R-878020	kr.	227.079
2.) Eftirstöðvar skuldabréfs nr. 50198	–	1.429.448
3.) Dráttarvextir af 1.656.527 kr. frá 8. 3. '95–8. 3. '97	–	265.044
	Samtals kr.	<u>1.921.571</u>

Stefndi hafi reynst ófáanlegur til að greiða skuldina á þeirri forsendu einni, að stefnandi sé í skuld við stefnda. Þessari mótbáru er hafnað af hálfu stefnanda, og telur hann hugsanlegar kröfur stefnda á hendur sér þessum kröfum óviðkomandi, enda séu þær þáttur í úppgjerðri viðtöku stefnda á eignum Sást sf. og eigendum þess óviðkomandi.

Um lagarök vísar stefnandi til almennra reglna kröfuréttarins. Krafa um dráttarvexti er reist á III. kafla vaxtalaga nr. 58/1987 og krafa um málskostnað á 129., sbr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflytningsspóknun styðst við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en þar er lögmönnum gert að innheimta virðisaukaskatt af

þjónustu sinni. Stefnandi er ekki virðisaukaskattsskyldur, og því beri honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekki sé um það deilt, að hann eigi kröfu á hendur stefnanda, og megi af gögnum málsins sjá, að krafa sín á hendur stefnanda er mun hærri en krafa stefnanda á hendur félaginu. Stefnandi hafi aldrei mótmælt því, að krafan sé í gildi, og þá hafi hann einnig athugasemdalaust áritað ársreikninga félagsins. Stefndi telur sig eiga lögvarða kröfu á hendur stefnanda, sem sé hæf til skuldajafnaðar gegn kröfu stefnanda. Skuldajöfnuði hafi verið lýst yfir, þegar stefnda barst krafa stefnanda, og hann hafi einnig verið skráður í bókhaldi stefnda með því að lækka skuld stefnanda um stefnufjárhæðina. Að mati stefnda varð krafa hans gjaldkræf, þegar krafist var greiðslu á henni, og bendir hann á reglu í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög í því sambandi. Þá bendir hann á, að hafi ekki verið veittur sérstakur greiðslufrestur á peningaláni, sé gjalddagi kröfunnar, þegar kröfuhafi krefjist greiðslu.

Stefndi telur stefnanda hafa viðurkennt skuld sína, þó að hann hafi lýst yfir því í stefnu, að krafa stefnda sé kröfu stefnanda óviðkomandi, enda sé hún þáttur í óuppgæðri viðtöku stefnda á eignum Sást sf. Stefndi kveður þessa fullyrðingu ranga, enda hafi stefnandi undirritað stofnfundargerð og öll önnur gögn um stofnun stefnda. Í ársreikningi, sem stefnandi undirritar, komi fram, að stefndi hafi tekið á sig eignir og skuldir Sást sf., og því sé ekkert óuppgætt vegna viðtöku stefnda á Sást sf.

Að mati stefnda koma öll skilyrði skuldajafnaðar til greina, og beri af þeim sökum að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda.

IV.

Niðurstæða.

Undir rekstri málsins var því mótmælt af hálfu stefnda, að eftir ætti að fara fram uppgjör vegna breytingar á Sást sf. úr sameignarfélagi í hlutafélag. Hlutafélagið hafi tekið við sameignarfélaginu, eins og það stóð 30. júní 1993, og því sérstaklega mótmælt, að mat Guðmundar Arnaldssonar á sameignarfélaginu hafi einhverja þýðingu í þessu máli. Á þennan skilning stefnda ber að fallast, enda hefur ekkert komið fram, sem styður fullyrðingu stefnanda um, að uppgjör vegna breytingar á Sást sf. í Sást hf. eigi eftir að fara fram. Þá verður og fallist á með stefnda, að ekki skipti máli um niðurstöðu þessa máls, hvort hlutafélagið hafi verið rekið með eðlilegum hætti eða ekki og hvort lögmatir fundir hafi verið haldnir í því. Telji stefnandi brotið á sér að þessu leyti, hefur hann aðrar leiðir til að ná fram rétti sínum lögum samkvæmt.

Af beggja hálfu er bent á, að Sást hf. hafi tekið við öllum eignum og skuldum Sást sf. Ekki er um það deilt, að stefnandi hafi greitt af veðskulda-bréfunum í þágu Sást sf., og eigi hann því kröfu á stefnda vegna þess.

Mál þetta snýst því um það, hvort skilyrði hafi verið til skuldajafnaðar og hvort lýst hafi verið yfir skuldajöfnuði á réttan hátt, en stefndi hefur ekki borið aðrar málsástæður fyrir sig.

Eins og að framan er rakið, verður að leggja til grundvallar, að eigendur Sást sf. hafi verið í skuld við Sást hf., sem nemi sömu fjárhæð og fram kemur í ársreikningum Sást hf., en Sást sf. gat ekki, eftir að búið var að slíta félaginu 1. júlí 1993, staðið í skuld við Sást hf. eða nokkurn annan.

Í sameignarfélagi, eins og Sást sf. var, báru eigendur óskipta og ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og kröfuhöfum heimilt að innheimta kröfu sína hjá hverjum sameigenda, sem var. Skuldir sameignarfélagsins Sást sf. fylgdu eigendum þess, þegar félagið var lagt niður. Var stefnda því heimilt að beina kröfum sínum vegna skuldar Sást sf. að stefnanda einum, ef honum sýndist svo.

Stefnandi hefur verið í stjórn stefnda frá upphafi og var, eins og að framan er getið, einn stofnenda þess. Hann áritaði sem stjórnarmaður ársreikninga félagsins fyrir árið 1994, en ekki fyrir síðari ár. Með áritun sinni á ársreikninginn hefur stefnandi viðurkennt skuld Sást sf. við Sást hf. Stefnandi bar sjálfur fyrir dóminum, að skuld sín væri komin til með þeim hætti, að sameignarfélagið hefði greitt ýmsan kostnað vegna persónulegrar neyslu sameigendanna, sem hefðu þannig komist í skuld við félagið.

Fyrir liggur, að kröfur aðila eru báðar um greiðslu peninga og því samþærilegar. Stefnandi er kröfuhafi annarrar kröfunnar og stefndi hinnar, og er þannig fullnægt skilyrðum um gagnkvæmni krafanna. Fallast má á með stefnda, að gjalddagi kröfu hans hafi verið sami dagur og greiðslunnar var krafist eða skuldajöfnuði lýst yfir. Eins og að framan er rakið, viðurkenndi stefnandi kröfuna með áritun á ársreikning, og er hún því ekki fyrnd. Teljast kröfurnar því hæfar til skuldajafnaðar. Báðar teljast kröfurnar gildar. Eins og að framan er getið, verður gagnkrafa stefnda lögð til grundvallar um fjárhæð, eins og hún er færð í ársreikningum Sást hf. 1994–1996, og telst hún því nægilega skýr. Verður því ekki annað séð en skilyrði skuldajafnaðar hafi verið í fullu gildi.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að skuldajöfnuði hafi ekki verið lýst yfir með réttum hætti. Þannig hafi aldrei skýrlega komið fram hjá stefnda, að hann lýsti yfir skuldajöfnuði. Í bréfum lögmanns hans til lögmanns stefnda megi finna hugleiðingar í þessa átt, en annað ekki. Í málinu liggja frammi þrjú bréf lögmanns stefnda til lögmanns stefnanda. Af bréf-

unum má ráða, að stefndi telur stefnanda í skuld við sig, þrátt fyrir það að stefnandi hafi greitt upp áðurgreind lán. Í bréfi frá 10. júlí 1996 segir m. a.: „Ljóst er, að umbjóðandi þinn á ekki kröfu á félagið vegna þessa, því að félagið hlýtur að lýsa yfir skuldajöfnuði.“

Yfirlýsing um skuldajöfnuð skal vera skýr og ótvíræð, enda hefur hún þau réttaráhrif, þegar hún er komin til vitundar móttakandans, að báðar kröfurnar falla niður. Má því fallast á með stefnanda, að yfirlýsing stefnda hafi ekki verið nægjanlega skýr, þrátt fyrir það að ljóst hafi verið, að hann myndi bera skuldajöfnuð fyrir sig, ef til innheimtu kæmi. Hins vegar lýsti stefndi yfir skuldajöfnuði í greinargerð sinni hér fyrir dómi. Í 28. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir, að varnaraðila sé rétt að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar í máli án þess að gagnstefna, ef skilyrði eru fyrir skuldajöfnuði, enda komi krafan fram í greinargerð. Þykir því rétt að miða við, að skuldajöfnuði hafi sannanlega verið lýst yfir 10. júní sl., þegar greinargerð stefnda var lögð fram í máli þessu.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 250.000 krónur.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan, en dóms-
 uppsaga hefur dregist lítilega vegna anna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sást ehf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Stefáns Árnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 250.000 krónur í málskostnað.
